



USK24010019

**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2024, mánudaginn 11. nóvember kl.11.02 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 27. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Lykkja Fundinn sátu: Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Bjarni Rúnar Ingvarsson og Rebekka Guðmundsdóttir. Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

**Þetta gerðist:**

**1. Brekkuhús – stæði fyrir hreyfihamlaða**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Brekkuhús 1 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

**Samþykkt**

**2. Hverfisgata – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Hverfisgötu 86 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

**Samþykkt**

**Fundi slitið kl. 11.06**  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Rebekka Guðmundsdóttir



**Viðtakandi:** Samgöngustjóri  
**Sendandi:** Deild samgangna

Reykjavík, 7. nóvember 2024  
USK24010001

## TILLAGA

### **Brekkuhús – stæði fyrir hreyfihamlaða**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Brekkuhús 1 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Gigtarfélag Íslands er með starfsemi í Brekkuhúsum 1. Í tengslum við uppbyggingu hjá félaginu á lóðinni þarf að merkja stæði við húsið sem stæði fyrir hreyfihamlaða til að tryggja betra aðgengi að húsinu og starfsemi þess.

Á afgreiðslufundi samgöngustjóra þann 5. júní 2024 var samþykkt tillaga um að merkja eitt stæði við Brekkuhús 1 sem stæði fyrir hreyfihamlaða. Auglýsing þess efnis var svo birt í B deild Stjórnartíðinda þann 25. júní 2024. Stæðið sem um ræðir í ofangreindri tillögu er viðbót við það stæði og væru því tvö stæði fyrir hreyfihamlaða við Brekkuhús 1.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
Deildarstjóri samgangna

Hjálagt: Tillaga að staðsetningu stæðisins. Endanleg útfærsla fer eftir aðstæðum



*Tillaga að staðsetningu stæðisins. Endanleg útfærsla fer eftir aðstæðum*



**Viðtakandi:** Samgöngustjóri  
**Sendandi:** Deild samgangna

Reykjavík, 7. nóvember 2024  
USK24010001

## TILLAGA

### ***Hverfisgata – sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling***

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að eitt bifreiðastæði við Hverfisgötu 86 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:

Tillagan var samþykkt á fundi nefndar sem fjallar um umsóknir um sérmerkt bílastæði hreyfihamlaðra í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, dags. 5. nóvember 2024.


Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,  
Bjarni Rúnar Ingvarsson  
*Deildarstjóri samgangna*

Hjálagt: Tillaga að staðsetningu stæðisins. Nánari útfærsla fer eftir aðstæðum



**Reykjavík**



*Tillaga að staðsetningu stæðisins. Nánari útfærsla fer eftir aðstæðum*